

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Svínhagi SH-21, óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 14. janúar 2021 tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Svínhaga SH-21, dags. 14. október 2014 með breytingu dags. 5. október 2015, þar sem gerð verði breyting á skilmálum í texta þannig að í stað 200 m² íbúðarhúss megi byggja allt að 350 m² íbúðarhús. Allir aðrir skilmálar haldast óbreyttir. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fagurhóll, óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 14. janúar 2021 tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Fagurhól, dags. 19. desember 2016, þar sem gerð verði breyting á afmörkun skipulagsmarka svo þau skarist ekki við skipulagsmörk nærliggjandi deiliskipulags. Allir aðrir skilmálar haldast óbreyttir. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reynifell, lóðir B5 og B7l, óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 14. janúar 2021 tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Reynifell frá árinu 1982 þar sem umræddum lóðum verði skipt í tvennt innbyrðis. Allir aðrir skilmálar haldast óbreyttir. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 18. janúar 2021.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.